

Formannafundur haldinn 22. september 2003 kl.20:00 að Hringbraut 108.

Mættir:

Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney frá aðalstjórn. Hrannar og Hermann (karfa), Niels (sund), Sesselja (badminton), Ella Magga og Sigurbjörg (fíml.), Rúnar (knattsp.) og Árni (skot). Fulltrúa frá (taekwondo) vantaði.

1. Yfirlit um starfsemi deilda og aðalstjórnar.

Árni (skot) greindi frá starfsemi deildarinnar og vildi athuga með áhuga meðal félagsmanna á loftbyssunámskeiði. Deildin áskotnaðist loftbyssur fyrir skemmstu. Æfingar eru í fullum gangi og fjármál eru að færast til betri vegar m.a.vegna styrks frá MÍT og væntanlegrar sölu á kastvélum.

Niels (sund) greindi frá málum sunddeildar. Deildin er vel mönnuð hvað þjálfara snertir og iðkendum hefur fjölgað. Deildin er í samvinnu við sunddeild Njarðvíkur og var endurnýjaður samningur til eins árs. Sunddeildir Keflavíkur og Njarðvíkur keppa saman undir merkjum ÍRB.

Sesselja (badminton) sagði að allt gengi vel. Tímabilið að hefjast. Fjármál væru í góðum málum en deildin er rekin á styrkjum og æfingargjöldum. Örlítil fækkun hefur átt sér stað en Sesselja telur hana tímabundna og horfir björtum augum á framtíðina.

Ella Magga (fímléikar) sagði að deildin færi vel af stað. Búið að ráða tvo nýja þjálfara til starfa en þeir koma frá Rúmeníu. Farið var af stað með drengjahóp til prufu en það vantar nokkur áhöld fyrir drengina. Deildin fékk ekki nóga tíma í íþróttahúsinu við Sunnubraut svo deildin leigir tíma í Hafnafirði til að geta komið öllum fyrir. Nokkrar breytingar hafa verið á stjórn deildarinnar og Ella Magga tekin við sem formaður.

Rúnar (knattspyrna) greindi frá afrakstri tímabilsins og góðum árangri meistaraflokks karla. Deildin er búin að taka við meistaraflokki kvenna sem var áður á vegum RKV. Auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra en deildinni er skylt að vera með slíkan mann til að fá leyfi til að spila í efstu deild. Fyrirhugaðar eru skipulagsbreytingar innan deildarinnar vegna krafna um keppni í efstu deild. Rúnar var ekki ánægður með útkomuna á yngri flokkum deildarinnar og vill fá ákveðna afreksmannastefnu í deildina.

Hermann (karfa) greindi frá glæstum árangri s.l. vetur. Stefnit verður að vera í toppþáttunni í sem flestum flokkum. Breyting hefur verið á þjálfaramálum meistaraflokks karla og kvenna vegna breyttra aðstæðna Sigurðar Ingimundarsonar. Tveir kanar hafa verið fengnir til að spila með meistaraflokki karla í vetur og styrkja þeir liðið. Evrópukeppni er framundan hjá meistaraflokki karla. Rekstur deildarinnar er samkvæmt áætlun.

Einar skýrði frá starfsemi aðalstjórnar þ.e. íþrótt- og leikjaskóli og 17. júní hátíðarhöld. Framundan er útgáfa á jólablaðinu. Einar lýsti yfir ánægu sinni með starfsemi deilda og jákvætt að fjármál deilda séu í lagi.

2. Skil á skipan stjórna deilda ásamt heimilisfangi og símanúmerum.

Einar minnti fulltrúa deilda á fundinum að gera skil sem fyrst á þeim stjórnarmönnum sem nú eru starfandi í deildum þ.e. stöðu, nafni, heimilisfangi, símanúmerum og netfangi.

3. Framtíðarnefnd Keflavíkur. Skila inn einu nafni.

Aðalstjórn hefur ákveðið að endurvekja framtíðarnefnd félagsins. Nefndin verður skipuð einum aðila frá hverri deild ásamt fulltrúa aðalstjórnar einnig hefur nefndin í huga að fá Skúla Þ. Skúlason til að vera í nefndinni og jafnframt að taka að sér formennskuna.

Nefndin er þannig skipuð:

Formaður: Skúli Þ Skúlason
Aðalstjórn: Birgir Ingibergsson
Knattspyrna: Rúnar Arnarson
Karfa: Jón Ben Einarsson
Fimleikar: Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Sund: Niels Hermannsson
Badminton: Dagbjört Ýr Gylfadóttir
Skot: Árni Leifsson
Taekwondo: vantar fulltrúa

4. Útdeiling á styrk til deilda vegna samþykktar aðalfundar í feb '03.

Einar afhenti fulltrúum deilda skjal sem staðfestingu á styrk aðalstjórnar til viðkomandi deilda. Á aðalfundi Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags þann 25. febrúar 2003 lagði aðalstjórn félagsins fram eftirfarandi tillögu.

Aðalfundur KEFLAVÍKUR íþróttá- og ungmennafélags haldinn þriðjudaginn 25. febrúar 2003 í félagsheimili Keflavíkur Hringbraut 108 samþykkir að veita aðalstjórn félagsins heimild til að styrkja deildir félagsins að heildarupphæð 2.000.000- krónur sem tekið er úr sjóðum félagsins. Aðalstjórn er falið að deila upphæðinni á milli deilda félagsins.

Aðalstjórn er búin að selja fasteignina Skólaveg 32 sem félagið átti og notað var sem félagsheimili og skrifstofa. Nú hefur verið tekið í notkun nýtt félagsheimili og skrifstofa að Hringbraut 108. Með sölunni skapaðist rúm til að greiða út peninga til deilda og styrkja þannig fjárhag þeirra til að halda úti öflugum og metnaðarfullu íþróttastarfi.

Styrknum er skipt á milli deilda miðað við iðkendafjölda um áramótin 2002 og 2003. Iðkendaföldi félagsins er 1327 einstaklingar í sjö deildum.

5. Önnur mál.

Einar óskaði eftir því við deildir að þær skili inn þeim tímum í íþróttamannvirkjum RNB sem þær ekki nota og einnig að skila inn tímatöflum.

Einar óskaði eftir því við deildir að þær skili inn greinum í jólablaðið 3. nóv.

Einar kom inná umgegnina í félagsheimilinu einnig heimasíðu félagsins.

Einar dreifði og kynnti bréf frá Ómari Braga Stefánssyni framkvæmdastjóra Landsmóts 2004 en í bréfinu er verið að kynna keppnisgreinar sem verða á Landsmóttinu á Sauðárkróki 2004. Einar hvatti deildir til að fara að huga að undirbúningi að Landsmóti. Nokkrar umræður urðu um málið.

Niels vakti máls á því að skipuleggja þyrfti fjáraflanir innan félagsins og tímasetningar á þeim.

Rúnar kom inná að það þyrfti að hressa upp á heimasíðuna.

Fleira ekki gert fundi slitið kl:22:20